

Föstudaginn 20. október 1967.

Nr. 118/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Guðbiri Helga Ríkharðssyni

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skjalafals. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjun máls þessa tekur einungis til ákærða Guðbjörns Helga Ríkharðssonar.

Hinn 15. marz 1967 keypti ákærði í verzlun Jóns Magnússonar kaupmanns vindlinga fyrir kr. 900.00, er ákærði greiddi með falsaðri ávisun að fjárhæð kr. 1.500.00 og fékk til baka kr. 500.00, en hvarf á brott, áður en hann fengi kr. 100.00 til viðbótar. Hafði ákærði þannig af Jóni kaupmanni í vörum og reiðufé samtals kr. 1.400.00. Af þessum verðmætum hafði ákærði meðferðis, er hann var handtekinn, þriðjung vindlinganna og í peningum kr. 400.00, sem komið var til skila. Er skuld ákærða vegna greindra skipta því kr. 700.00, sem honum verður dæmt að greiða Jóni Magnússyni. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðbjörn Helgi Ríkharðsson, greiði Jóni Magnússyni kr. 700.00. Að öðru leyti er héraðsdómurinn staðfestur, að því er ákærða varðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun

verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. maí 1967.

Ár 1967, miðvikudaginn 31. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Halldóri Þorbjörnsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 198—200/1967: Ákærvaldið gegn Guðbirni Helga Ríkharðssyni, Baldri Rúnari Álfssyni og Páli Sigurðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 8. þ. m., gegn:

1. Guðbirni Helga Ríkharðssyni sjómanni, Eiríksgötu 11, fæddum 11. febrúar 1935 í Reykjavík,
2. Baldri Rúnari Álfssyni sjómanni, Kleppsvegi 128, fæddum 6. maí 1943 í Reykjavík,
3. Páli Sigurðssyni sjómanni, Ásgarði 41, fæddum 8. september 1948 í Reykjavík,

fyrir skjalafals, sem lýst er þannig í ákæru:

„I. Gegn öllum hinum ákærðu er málið höfðað fyrir tilbúning og notkun tékka, A. Nr. 41274, kr. 1.500.00, til handhafa, á spari-sjóðsávisanareikning nr. 134 í Landsbanka Íslands, Langholtsútbú, dagsetts 14. marz 1967, skráður útgefandi Ágúst Stefánsson, skráður framseljandi Ingvar Diðrik, D-götu 2, Blesugróf. Eyðublaðið var úr tékkhefti, sem ákærði Baldur tók í heimildarleysi, þar sem hann var gestkomandi. Lét hann útfylla meginmál tékkans, ritaði framangreint nafn útgefanda og fól ákærða Páli hinn 14. marz 1967 að selja tékkann, og var ákærða Páli ljóst, að hann var falsaður. Hinn 15. marz 1967 hitti ákærði Páll ákærða Guðbjörn Helga, og talaðist svo til milli þeirra, að sá síðarnefndi reyndi að selja tékkann. Hann tók við tékkanum, ritaði á hann framangreint nafn og heimili framseljanda og tókst síðan að nota tékkann til vörukaupa í söluturni á Barónsstíg 3 í Reykjavík. Þar keypti hann vindlinga fyrir kr. 900.00, fékk kr. 500.00 til baka, en fór á brott, áður en hann fengi til baka það, sem á vantaði. Andvirði tékkans eyddu ákærðu Guðbjörn Helgi og Páll í óreglu.

Teljast þessir verknaðir hinna ákærðu varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Gegn ákærða Guðbirni Helga Ríkharðssyni einum er málið höfðað fyrir að falsa nafn Þorkels Valdimarssonar heildsala, Bergþórugötu 23 í Reykjavík, sem útgefanda eftirtalinna sex

tékka til handhafa á hlaupareikningseyðublöð úr tékkahefti á Verzlunarbanka Íslands h/f, sem ákærða tókst að taka í heimildarleysi af Þorkeli skömmu fyrir mót marz og apríl 1967 og nota þessa fölsuðu tékka í viðskiptum með reikningsnúmerum af handahófi og eftirtöldum fjárhæðum, svo sem rakið verður:

1. M. Nr. 38494, kr. 10.000.00, dagsettur 29. marz 1967. Framseldur af ákærða. Notaður sem greiðsla fyrir útvarpsviðtæki í útsölu Viðtækjaverzlunar ríkisins á Snorrabraut 22.

2. M. Nr. 38489, kr. 1.200.00, dagsettur 29. marz 1967. Framseldur af ákærða. Notaður sem greiðsla fyrir vörur í Smjörbrauðstofunni Birninum, Njálsgötu 49.

3. M. Nr. 38483, kr. 2.000.00, dagsettur 28. (sic) 1967. Framseldur af ákærða. Notaður sem greiðsla fyrir vörur í Nætursölunni á Digraneshálsi.

4. M. Nr. 38492, kr. 900.00, dagsettur 29. marz 1967. Notaður sem greiðsla fyrir vörur í Nætursölunni á Digraneshálsi.

5. M. Nr. 38485, kr. 1.500.00, dagsettur 29. marz 1967. Ákærði fékk tékka þennan í hendur Ingvari Diðriki Júníussyni sjómanni, Laugarnesvegi 88, til áfengiskaupa, en sá greiddi með tékkanum ökugjald og fékk mismun greiddan í peningum.

6. M. Nr. 34487, kr. 1.200.00, dagsettur 29. marz 1967. Ákærði fékk tékka þennan í hendur Ingvari Diðriki Júníussyni sjómanni, Laugarnesvegi 88, til áfengiskaupa, en sá notaði hann til að leysa út tösku sína, sem hann hafði sett að handveði fyrir ökugjaldsskuld.

Þykja þessir verknaðir ákærða varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, skaðabótakreiðslu og greiðslu sakarkostnaðar“.

Málavextir.

1. Mánudagskvöldið 13. marz s.l. var ákærði Baldur Rúnar Álfsson við drykkju með Árna Sveinssyni verkamanni, Miðstræti 6, og fylgdist hann með Árna heim til hans. Þar sofnaði Árni, og eftir það tók ákærði í heimildarleysi tékkhefti, sem Árni átti og geymdi í ólæstri skrifborðsskúffu heima hjá sér.

Ákærði Baldur Rúnar segir, að næsta morgun hafi hann komið í Kjörbarinn í Lækjargötu. Hann hafi þar hitt tvo menn, sem hann þó kann ekki deili á. Kveður hann annan manna þessara hafa fyllt út eyðublað úr áðurnefndu tékkhefti og gert það eftir fyrirsögn sinni. Fjárhæð tékkans var ákveðin 1.500.00 kr., tékkinn var gefinn út til handhafa á ávísanareikning 137, en það er

reikningur Árna. Eftir að maðurinn hafði fyllt út tékkann, kveðst ákærði Baldur Rúnar hafa undirritað hann með nafninu Ágúst Stefánsson. Hafði hann misminnt um nafn drykkjufélaga síns.

Sama dag hittust ákærðu Páll Sigurðsson og Baldur Rúnar Álfsson. Um kvöldið bað Baldur Rúnar Pál að selja tékkann. Tók Páll þetta að sér og vissi þó, að tékkinn var falsaður. Hann kveðst hafa ritað nafn sitt aftan á tékkann og reynt að selja hann sama kvöld, en án árangurs. Um kvöldið skildi með þeim Baldri Rúnari og Páli, og var lokið afskiptum Baldurs af tékkanum.

Næsta morgun, miðvkiudag 15. marz, hittust ákærðu Páll og Guðbjörn Helgi Ríkharðsson. Páll sýndi Guðbirni Helga tékkann og bað hann að selja hann fyrir sig. Krotaði Páll fyrst vendilega yfir framsal sitt á tékkanum, svo að það varð ólæsilegt. Síðan ritaði ákærði Guðbjörn Helgi svohljóðandi framsal: Ingvar Diðrik, D-götu 2 Blesugróf, sími 17235. Notaði ákærði þarna nafn kunningja síns, Ingvars Diðriks Jóniússonar. Reyndi ákærði fyrst að selja tékkann í vínbúð, en það tókst ekki. Þá fór hann að sölu-turni á Barónsstíg 3 og keypti þar sígarettur fyrir 900.00 kr. og greiddi með tékkanum. Hann fékk 500.00 kr. til baka, en meðan kaupmaðurinn var að ná í þær 100.00 kr., sem á vantaði, hvarf ákærði á braut. Ákærði Guðbjörn Helgi seldi tvö af þremur sígarettukartönunum, sem hann hafði keypt. Þeir Páll notuðu síðan fé það, sem þeir höfðu aflað, til áfengiskaupa.

2. Sannað er með framburði ákærða Guðbjörns Helga Ríkharðssonar og öðrum gögnum, að hann hefur notað í lögskiptum 6 tékka með fölsuðum nafnritunum. Tékkana hafði ákærði sjálfur ritað á eyðublað úr hefti, sem hann hafði hnuplað af Þorkeli Valdimarssyni heildsala. Ritaði ákærði nafn Þorkels undir alla tékkana, en reikningsnúmer ritaði hann af handahófi.

Verður nú greint frá hinum einstöku tékkum og notkun þeirra.

a) Tékki, kr. 10.000.00, dags. 29. marz, útgefinn til handhafa á reikning 381. Ákærði Guðbjörn Helgi ritaði rétt nafn sitt sem framseljanda á tékka þennan. Fyrir hann keypti hann útvarpsviðtæki, sem kostaði kr. 9.998.00 í útsölu Viðtækjaverzlunar ríkisins, Snorrabraut 22. Tækið kveðst hann síðan hafa selt, og hefur ekki hafzt upp á því.

b) Tékki, kr. 1.200.00, dags. 29. marz, útgefinn til handhafa á reikning 181. Ákærði framseldi tékkann með réttri nafnritun. Fyrir tékka þennan keypti ákærði vörur í Smjörbrauðsstofunni Birninum, Njálsgötu 49, en fékk mismun á verði vörunnar og tékkafjárhæðinni greiddan í peningum.

c-d) Tékki, kr. 2.000.00, dags. 28. (mánuð vantar), og tékki, kr. 900.00, dags. 29. marz, báðir útgefnir til handhafa, hinn fyrri á reikning 381, en hinn á reikning 1453. Fyrir báða þessa tékka keypti ákærði einhverjar vörur í Nætursölunni á Digraneshálsi, en nokkur hluti tékkafjárhæða var þó goldinn í peningum.

e-f) Tékkar, kr. 1.500.00 og kr. 1.200.00, báðir dags. 29. marz, útgefnir til handhafa á reikning 381. Þessa tékka afhenti ákærði drykkjufélaga sínum, Ingvari Diðriki Júníussyni, til áfengiskaupa, en hann notaði tékkana í viðskiptum við Eggert Jochum Þórarinsson Víking bifreiðarstjóra, Njálsgötu 87.

Niðurstöður.

Ákærðu hafa allir gerzt sekir um hagnýtingu tékka þess, sem í ákærulið I. greinir, í lögskiptum, og þannig hafa þeir unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærði Guðbjörn Helgi hefur framið brot þau, sem í II. kafla ákæru greinir og eru rétt færð til refsíákvæðis, 155. gr. hegningarlaga.

Ákærði Guðbjörn Helgi hefur sætt refsíðómum sem hér greinir:

1953	13/4	1.000.00 kr. sekt fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot.
1955	21/1	4 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað o. fl.
1955	17/5	5 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, gripdeild, svik, fjárdrátt o. fl. (hæstard. í sama máli 23. jan. 1956: 8 mánaða fangelsi).
1956	8/3	15 mánaða fangelsi fyrir rangar sakargiftir, þjófnað, svik o. fl.
1959	30/12	3 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1960	11/2	10 mánaða fangelsi fyrir þjófnað, svik og brot gegn 168. og 219. gr. hegningarlaga o. fl.
1962	9/1	60 daga fangelsi fyrir þjófnað.
1962	23/5	18 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.
1963	23/3	Saksóttur fyrir fjárdrátt, en refsing ekki dæmd.
1964	24/7	6 mánaða fangelsi fyrir þjófnað og svik.
1967	9/2	2 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

Með hliðsjón af 72. og 77. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða Guðbjörns Helga hæfilega ákveðin fangelsi 15 mánuði.

Ákærði Baldur Álfsson hefur ekki verið dæmdur í refsingu, en sætt 4 sektum fyrir ölvun, og ákæru á hendur honum fyrir þjófnað var frestað skilorðsbundið 2 ár frá 6. okt. 1959. Refsing hans þykir hæfilega ákveðin fangelsi 3 mánuði, en rétt þykir að fullnustu verði frestað og falli refsing niður eftir 3 ár frá upp-

kvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði Páll Sigurðsson hefur sætt þessum refsidómum:
1965 25/8 3.000.00 kr. sekt fyrir brot gegn 247., sbr. 256. gr. hegningarlaga.

1966 13/5 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir þjófnað.

Hann hefur auk þess sætt 13 sinnum á greiðslu sekta.

Ákærði Páll hefur rofið skilorð dóms frá 13. maí 1965, er áður greinir. Ber nú að ákveða honum refsingu fyrir þau brot, er í þeim dómi greinir, auk þess, sem hann er nú ákærður fyrir. Þykir sú refsing hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Eftir kröfu Jóns Magnússonar kaupmanns, Bergþórugötu 23, eiganda tékka þess, sem frá greinir í I. kafla ákæru, verða ákærðu in solidum dæmdir til greiðslu kr. 1.500.00.

Eftirtaldir aðiljar hafa krafizt þess, að ákærði Guðbjörn Helgi Ríkharrðsson verði dæmdur til að greiða þeim fébætur sem hér greinir:

Viðtækjaútsalan, Snorrabraut 22 (ákærul. II. 1.) ..	kr. 10.000.00
Smjörbrauðsstofan Björninn (II. 2.)	— 1.200.00
Guðmundur Karlsson (II. 3.—4.)	— 2.900.00

Kröfur þessar, sem ákærði hefur samþykkt, verða teknar til greina.

Loks ber að dæma ákærðu til þess að greiða allan kostnað sakarinnar in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Guðbjörn Helgi Ríkharrðsson sæti fangelsi 15 mánuði.

Ákærði Páll Sigurðsson sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði Baldur Rúnar Pálsson sæti fangelsi 3 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar hans, og falli hún niður eftir 3 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði allir in solidum Jóni Magnússyni kr. 1.500.00.

Ákærði Guðbjörn Helgi Ríkharrðsson greiði:

1. Viðtækjaútsölunni, Snorrabraut 22, kr. 10.000.00.
2. Smjörbrauðsstofunni Birninum kr. 1.200.00.
3. Guðmundi Karlssyni kr. 2.900.00.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.